

Grein: Stærðfræði	Tímabil: Apríl 2017	Kennarar: Gréta Björk, Kristín og Sunna
Efnispáttur úr ársáætlun: Talnaskilningur, mælingar, staðsetningar og peningar		
Námsmarkmið	Viðfangsefni nemenda	Námsmat
<ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Getur borið saman lengdir á ólíkum hlutum.</i></li> <li>- <i>Getur notað hugtök til að lýsa staðsetningum.</i></li> <li>- <i>Hefur kynnst peningum og getur unnið með þá.</i></li> <li>- <i>Getur leyst stærðfræðiþrautir með viðeigandi tölum, með áherslu á tölur 0-20 og rætt þær.</i></li> </ul>	<p><b>Formahópar: Farið yfir stöðu nemenda og enduraðað í námshópa ef þurfa þykir.</b></p> <p><b>Í þessum hópum er unnið út frá markmiðum á ýmsa vegu</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Stuttar innlagnir frá kennara</li> <li>➤ Hlutbundin vinna</li> <li>➤ Nemendur vinna í vinnubókum tilgreindar blaðsíður sem þarf til að ná markmiðum</li> <li>➤ Nemendur vinna ýmist einstaklingslega, í pörum eða hópum að viðfangsefnum</li> <li>➤ Spil og leikir sem samræmast markmiðum</li> <li>➤ Hringekjur</li> </ul> <p><b>Helstu námsþættir eru:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Mælingar</li> <li>➤ Hugtök til að lýsa staðsetningu</li> <li>➤ Peningar</li> <li>➤ Stærðfræðiþrautir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Mælingar: Nemendur bera saman lengdir á ólíkum hlutum.</li> <li>- Nemendur spurðir munnlega út úr staðsetningu hluta og leysa stærðfræðiþrautir.</li> </ul> <p><b>Námsmat fer fram sem</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skrifleg könnun</li> <li>- Munnleg könnun</li> <li>- Verklegr könnun</li> </ul> <p><i>Í lok áætlunar á að vera búið að haka við námsmarkmiðin sem unnið var að inn á Mentor.</i></p>

### Nánari útfærsla á helstu námsþáttum

#### **Mælingar**

- Málband lagt inn í getuskiptum hópum. Í sterkasta hópnum er rætt um millimetra, sentimetra og metra. Í getuminni hópum er einungis talað um sentimetra.
- Nemendur vinna tveir og tveir saman og mæla líkamann hátt og lágt. (*sjá verkefni í líkamapemanu*).
- Valdar blaðsíður í sprotabókum.
- Valin verkefni tengd mælingum í öðrum stærðfræði bókum.

#### **Peningar**

- Nemendur fara í hlutbundna vinnu með peninga. Fara í búðarleiki og skiptast á að kaupa og selja vörur.
- Vinna verkefnablöð með kennslupeninga.
- Teikna peninga í verkefna- og úrklippubók

#### **Stærðfræðiþrautir**

- Kennari leggur ýmsar stærðfræðiþrautir fyrir nemendur upp á töflu. Þeir nemendur sem eru orðnir vel læsir fá verkefnablöð.

#### **Hugtök til að lýsa staðsetningum**

- Kennari ræðir hugtök sem lýsa staðsetningum hluta. Nemendur fá síðan að vinna á hlutbundin hátt.

#### **Hringekja: Mælingar, peningar og stærðfræðiþrautir**

- 1) Mælingar: Nemendur vinna tveir og tveir saman og mæla ólíka hluti.
- 2) Sproti, nemendur vinna eftir áætlun
- 3) Stærðfræðiþrautir: Kennarastýrð stöð, kennari leggur þrautir fyrir nemendur.
- 4) Peningar- tölvur
- 5) Feluleikur, nota orð eins og: Fyrir ofan, neðan, til hliðar, bak við, til vinsti o.fl.

Námsefni/Bjargir: Sproti 1 a og 1b + æfingahefti. Eining 1, 2, og 3.

Talnagrindur, talnalínur, numicon, kubbar.